

**AUGLÝSING**  
**um fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræði**  
**við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.**

1. gr.

Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms á 1. námsári í hjúkrunarfræði á vormisseri 2023 við heilbrigðisvísindasvið miðast við grunntöluna 75 nemendur.

2. gr.

Ákvörðun þessi, tekin af háskólaráði, skv. lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 394/2021 um fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræði við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.

*Háskólanum á Akureyri, 31. mars 2022.*

**Eyjólfur Guðmundsson** rektor.

B-deild – Útgáfudagur: 29. apríl 2022